

**L ö g**

um

**kenslu heyrnar- og málleysingja.**

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

**1. gr.**

Foreldrum og forráðamönnum daufdumbra barna skal skylt að senda þau til uppfræðslu í Daufdumbraskóla landsins það haust, sem þau eru 8 ára, nema sönnur sjeu færðar á það fyrir yfirsjórn fræðslumála, að þeim verði veitt jafngóð kensla og uppeldi á annan hátt, og skulu börnin vera í skólanum til 17 ára aldurs, nema þau hafi lokið námi fyr eða yfirstjórn fræðslumálanna þyki af öðrum ástæðum rjett að láta þau fara fyr frá skólanum, en það skal að jafnaði gert, ef barnið reynist óhæft til náms eða hæft til að njóta kenslu í öðrum skóla.

Ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, getur yfirstjórn fræðslumála veitt undanþágu frá framangreindu ákvæði um aldur heyrnar- og málleysingja, er þeim skuli komið til kenslu.

**2. gr.**

Foreldrar barns eða barnið sjálft greiða kostnað við ferð þess til skólans og frá honum að afloknu námi, svo og fatnað þann, er barnið á að hafa með sjer í skólann. Geti þau það ekki fyrir fátæktar sakir, greiðir hreppur sá, sem barnið á lögheimili í, kostnaðinn sem önnur útgjöld til barnafræðslu.

Borgun fyrir fæði barnsins og föt, meðan það dvelur í skólanum, greiðist af foreldrum eða barninu sjálfu, að svo miklu leyti sem efnahagur þeirra leyfir, að dómi yfirstjórnar fræðslumála, þó aldrei meira en  $\frac{2}{3}$  kostnaðar. Allur annar kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

**3. gr.**

Börn þau, er eiga að góðu heimili að hverfa, fara þangað í sumarleyfinu,

og greiðir ríkissjóður hálfan ferðakostnað. Öðrum börnum útvegar skólinn hent- **24**  
 ugan verustað til sumardvalar eða hefir þau sjálfur, og greiðist þá kostnaður.<sup>19.</sup> júní.  
 inn af framfæranda, eftir sömu reglum og segir í síðari lið 2. gr.

#### 4. gr.

Þegar daufdumbt barn hefir lokið námi og foreldrar þess eða aðrir vanda-  
 menn eru dánir eða eru ekki færir um að annast það sem skyldi, skal presti og  
 oddvita í þeim hreppi, sem barnið á heimili í, vera skylt að sjá um, að því verði  
 komið fyrir á góðu heimili, þar sem það getur haft sem best not þess, er það  
 hefir numið.

#### 5. gr.

Yfirstjórn fræðslumála getur sett reglugerð um tilhögun kenslunnar í  
 Daufdumbraskólanum og önnur atriði, er skólann varða. Í reglgerðinni  
 má ákveða, að taka megi til kenslu í skólanum, um lengri eða skemri tíma, mál-  
 hölt og heyrnarsljó börn, sem geta ekki notið kenslu í öðrum skólum, blind börn  
 og vitsljó börn, að svo miklu leyti sem fjárveiting til þess er fyrir hendi.

#### 6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun 26. febr. 1872, um kenslu  
 heyrnar- og málleysingja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Sig. Eggerz.*